

Hafnarfjarðarhöfn
b/t Hafnarstjórn
Óseyrarbraut 4
220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 11.05.2026

Förgun á flotkví.

Vélsmiðja Orms og Víglundar ehf. óskar eftir leyfi og samstarfi Hafnarfjarðarhafnar til þess að klippa niður minni flotkví okkar á lóð okkar á Óseyrarbraut 31.

Við myndum rjúfa garðinn og grafa skurð til að gera mögulegt að fleyta flotkvínni inn í skurðinn á stórstraums-flóði, þegar flotkvín væri kominn inn á lóðina munum við loka garðinum aftur og hefjast handa við að klippa flotkvínna. Allt stál sem fellur til mun svo vera útskipað beint frá lóðinni okkar. Það er ekkert asbest, olíur eða önnur skaðleg efni í flotkvínni, þannig að mengunarhætta er í lágmarki.

Þetta erindi er áriðandi, ástand flotkvíarinnar er ekki gott og því viljum við ekki fara inn í veturinn með flotkvínna á floti.

Við erum búin að eiga fund með heilbrigðiseftirlitinu (HEF) varðandi þetta og mál og þeim list vel á þessa hugmynd og er tilbúnir að vinna með okkur til að gera þetta mögulegt.

Umhverfisstofnun mun einnig koma að þessu og mun það samtal eiga sér stað um leið og við fáum leyfi frá Hafnarfjarðarhöfn til þess að fara í þessa framkvæmd.

Með von um jákvæð og hröð viðbrögð Hafnarstjórnar, með fyrirfram þökk.

Meðfylgjandi er mynd sem sýnir flotkvínna á lóðinni okkar

Vélsmiðja Orms og Víglundar ehf.



Ólafur Ormsson

